

NIELS HAFSTEIN

Svartir og gylltir hestar.

Sagt er að stríðsfákur Alexanders hafi verið svo fimur í orrustum að hann horfði til tveggja átta í senn. Þegar hann féll að fótum fram reistu Persar súlu honum til heiðurs.

Eftir eldskírmina flaug Pegasus ekki framár.

Þegar nótt verður dimmust á vetri má sjá hvar Sleipnir hleypur um himinhvolfið.

Drengurinn sat á vatnsbakkanum og horfði hugfanginn inní sólardansinn á öldunum, og í kvíkinu sá hann hvar gullinn hestur með sperrt eyru reis úr kafi, og honum fannst hann heyra hnegg. Þegar drengurinn kom heim um kvöldið og sagði móður sinni frá ævintýri dagsins, þá brosti hún lítið eitt og hvíslaði að líklega hefði þetta verið nykurinn í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Morguninn eftir fall Trjúborgar drógu hermennirnir hestinn út fyrir múrana, - og börnin eignuðust nýtt leikfang.

Það varð uppi fótur og fit þegar aldingarðurinn var opnaður á ný.

Mærin lá kyrr í hlýju myrkri skógarins og horfði á einhyrniginn nálgast. Og glit hans féll á feimið skaut hennar.

KJARVALSSTAÐIR

16. Maí - 8. Júní 1987.